

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 132/2011

2012/EES/15/10

frá 2. desember 2011

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2011 frá 21. október 2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/681/ESB frá 9. nóvember 2010 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum á tímabilinu 2011–2013 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/693/ESB frá 22. júlí 2010 um sameiginlegt snið fyrir aðra skýrslu aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB um takmörkun á losun tiltekinna rokgjarnra, lífrænna efnasambanda ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/205/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„9aa. **32010 D 0693**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/693/ESB frá 22. júlí 2010 um sameiginlegt snið fyrir aðra skýrslu aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB um takmörkun á losun tiltekinna rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2010, bls. 4).“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21abd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/531/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21abe. **32010 D 0681**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/681/ESB frá 9. nóvember 2010 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/13/EB um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum á tímabilinu 2011–2013 (Stjtið. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 65).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2010/681/ESB og 2010/693/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 87, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 65.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 301, 18.11.2010, bls. 4.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.